

Félagsfundur 23.09.2015

Félag málmíðnaðarmanna Akureyri hélt félagsfund miðvikudaginn 23. september að 4. hæð Alþýðuhússins og hófst hann kl.17:00

Fundarefni.

Kynning á stöðu mála í atvinnulífinu í kjölfar kjarasamnings sem undirritaður var 22. júní 2015

Formaður félagsins setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Las hann upp fundarboðið og voru engar athugasemdir við boðun fundarins og lýsti þá formaður fundinn löglegan og ályktunarhæfan.

Formaður fór stuttlega yfir forsendur kjarasamnings í byrjun fundar og fór yfir meginatriði og þar með talið gildistíma. Einnig fór hann yfir að það virtist sem að fyrirtæki hefðu átt í vandræðum með að skilja kjarasamningshækkarnar og þó nokkur fyrirtæki hefðu leita til sín varðandi útreikning sem og félagsmenn komið með launaseðla til skoðunar í framhaldinu.

Nefndi formaður að vinna við lagfæringu taxta væri í gangi með Eiríki S. Jóhannssyni framkvæmdarstjóra Slíppsins og það væri í góðum farvegi og myndi leysast á næstu dögum.

Formaður spurði hvort hann mætti taka fundin upp og var enginn andmæltur því.

Því næst bauð formaður Ólaf Darra hagfræðing ASÍ velkominn og gaf honum orðið til að fara yfir stöðuna um horfur í efnahagsmálum gagnvart kjarasamningi iðnaðarmanna. Ólafur fór yfir stöðuna á vinnumarkaðinum eins og hún lítur út í dag en talsvert er eftir af samningum í opinbera geiranum og við sveitafélög o.fl. Fór hann yfir forsendur kjarasamningsins iðnaðarmanna eins og hann lítur út í stöðunni í dag en á forsendum kaupmáttaraukningar stenst hann, en hætta er hins vegar sú að forsendur annara samninga gefi hann lausan og næstu mánuðir muni skýra það nánar hvert í raun stefnir gagnvart kjarasamningi iðnaðarmanna.

Miklar og góðar umræður sköpuðust um ýmsar forsendur stöðunnar og svöruðu formaður félagsins og Ólafur Darri fyrirspurnum félagsmanna um kjarasamninginn og stöðu iðnaðarmanna sem og hvernig þeir sæju horfurnar á næstu mánuðum. Meðal þeirra fyrirspurna sem bárust voru vaxtahækkarnir seðlabankans og hvort sú aðgerð í raun sé ekki verðbólguhvetjandi og Ólafur sagði svo vera en þetta væri eina leið bankans til að herða að pyngjunni til að einkaneysla fari ekki úr böndunum en sýndist fundarmönnum sá árangur seðlabankans virka til þessa heldur rýr og í raun vinna gegn samningunum.

Því næst var spurt var hvort Ólafur telji sátt geta orðið og hvort að sá hópur sem væri að starfa og kallaðist SALEK hópurinn myndi geta spornað við því höfrungahlaupi sem við blasti. Svaraði Ólafur því til að við Íslendingar stöndum vel þegar móti blæs en kunnum ekki að nýta okkur meðbyr en Hópurinn væri fyrst og fremst að koma með tillögur en ekki væri um að ræða breytingar á samningsforsendum félaganna, þær yrðu ætíð í höndum félaganna. Formaður félagsins sagði að það yrði fróðlegt að fylgjast með þessari vinnu og vonaðist til að

hér myndi kaupmátturinn standa og að samningsmódel Norðurlandanna þar sem fólk lifi á dagvinnulaunum muni koma til með að þróast enn betur hér en gæta verður þá að því að aðrir hlutir falli inn samanber samsvarandi kostnaðarhlutföll á þjónustu og vöru verði sambærileg og margt eigi eftir að vinna í þessum málum. Skoða verði hagkerfið í hinum norðurlöndunum svo að hægt verði að búa til hið íslenska módel en fyrir hrún vorum við jafnfætis norðurlöndunum nema Noregi.

SALEK hópurinn sem hér er nefndur er skipaður fulltrúum flestrar launþegasamtaka auk SA, Sambands íslenskra sveitarfélaga, forsetis og fjármálaráðuneytisins.

Spurt var út í jöfnun á lífeyrirsréttindum er með einhverjum hætti hægt að jafna þau milli opinbera geirans og á almennum vinnumarkaði og svaraði Ólafur því til að SALEK hópunum væri gert að koma með nánari tillögur er það varðar.

Að fyrirspurnum loknum þakkaði formaður Ólafi Darra hagfræðingi ASÍ kærlega fyrir skemmtilegan fund og góða yfirferð á markaðnum og horfum en það sé ljóst að næstu mánuðir verði forvitnilegir

Formaður fór því næst yfir taxtabreytingar í gerðum kjarasamningum sem er að finna á heimasíðunni okkar, og hvetur hann félagsmenn í að skoða síðuna til að glöggva sig betur á stöðunni. Að lokum sagði formaður að mikilvægt væri að við fylgdumst með framvindu mála og að við ættum að hafa skoðanir á hverju því er lítur að kjörum okkar en ekkert kerfi væri þannig að það þarfnist ætíð endurskoðana og þakkaði fundarmönnum góðan fund

Önnur mál voru engin og fundi slitið kl.19:10

Jóhann Rúnar Sigurðsson

Formaður FMA